

7. verkefni 07dalkar

Opnið skjalið og mótið samkvæmt fyrirmælum.
Sýnishorn af uppsettu verkefni er á næstu blaðsíðu.


Verkefnið er í þremur liðum þar sem unnið er með dálkstillingar (**Tabs**) á ýmsa vegu.

Til að stilla dálka er farið í **Home – Paragraph** (Heim – Efnisgrein) og smellt í örina hægra megin á **Paragraph** (Efnisgrein). Þá kemur upp gluggi. Veljið **Tabs...** (Dálkhök) neðst vinstra megin. Setjið síðuhaus á skjalið í 10 pt letri.

Tafla 1 Hæð nokkurra fjalla

- Veljið allan listann og og setjið töflumiða fyrir ofan (**References – Insert Caption – Above selected item**).
- Ljómið **textann** í töflunni (án fyrirsagna) og stillið dálka:

6,5 cm	Leader ④	Set (Stilla)	Leiðilína	OK
8,5 cm	Right	Set	Miðjustilling	
11,5 cm	Center	Set	Hægri	



Tafla 1: Hæð nokkurra tinda og staðsetning


Hvannadalshnjúkur →	→	2.110 → Öræfajökull¶
Búriðartindur →	→	1.741 → Öræfajökull¶
Snækollur →	→	1.477 → Kerlingarfjöll¶
Trölladyngja →	→	1.460 → Ódáðahraun¶
Búrfell →	→	783 → Þingvallasveit¶
Keilir →	→	379 → Reykjanes¶

- Setjið skyggingu á bak við dálkinn **Staðsetning**: Farið í **Insert – Shapes** (Setja inn – Form). Teiknið textbox. Takið línum af (**Shape Outline – No Outline**) (Útlína forms – Engin útlína). Setjið skyggingu inn í boxið (**Shape Fill**) (Formfylling). Farið í **Wrap Text** (Orðskrið) og veljið **Behind Text** (Bak við texta).

Tafla 2 Gengi – Dálkar

- Setjið töflumiða (skýringartexta) fyrir ofan töfluna.
- Stillið dálka á **fyrirsögnum**:


Vínstristilltur (Left): 7 cm Miðjustilltur: 11 cm og 14 cm.



Stillið dálka og skrifíð upp gengi gjaldmiðlanna eins og sýnt er á næstu síðu.
Ýtið á dálklykil (**Tab**) til að fara á milli dálka.

Dálkstillingar í töflu:

6 cm	Leader ②	Set (Stilla)	Vinstri leiðilína (punktalína)
7 cm	Left	Set (Stilla)	Vinstri
8,5 cm	Center	Set (Stilla)	Miðja
9,5 cm	Bar	Set (Stilla)	Súla/Lóðrétt strik
11 cm	Decimal	Set (Stilla)	Tugabrot
14 cm	Decimal	Set (Stilla)	Tugabrot



€ Alt 0128
£ Alt 0163
¥ Alt 0165


Athugið: Einnig er hægt að velja
táknið undir **Insert – Symbol**

Tafla 3 Fjarlægð milli staða – Útlitsmótun dálka og neðanmálsgrein

- Bætið inn neðanmálsgrein á eftir: ... að ekið sé eftir hringveginum¹

References – Insert Footnote (Tilvísanir – Setja inn neðanmálsgrein).

Veljið **Paragraph – Hanging: 0,5 cm** (Efnisgrein – Hangandi) og ýtið á dálklykil.
Skrifið texta neðanmálsgreinarinnar.



- Haldið niðri **Alt-hnappi vinstra megin** við bilslá.

Dragið múnna yfir textann og **feit-/skáletrið** og breytið letri að eigin vali.

- Setjið töflumiða fyrir ofan töfluna og kallið fram sjálfvirk töfluyfirlit án blaðsíðutals (taka hakið af þar). (**References – Insert Table of Figures**)

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1: Hæð nokkurra tinda og staðsetning
Tafla 2: Gengið 26. maí 2023
Tafla 3: Fjarlægð milli staða

Nafn og áfangi _____ dagsetn. _____ blaðsíðatal _____

Dálkar (Tabs) og töflumiðar

Tafla 1: Hæð nokkurra tinda og staðsetning

Tindar á Íslandi	Hæð í metrum	Staðsetning
Hvannadalshnjúkur	2.110	Öræfajökull
Búriðartindur	1.741	Öræfajökull
Snækollur	1.477	Kerlingarfjöll
Trölladyngja	1.460	Ódáðahraun
Búrfell	783	Þingvallasveit
Keilir	379	Reykjanes

Tafla 2: Gengið 26. maí 2023

	Mynt	Kaupgengi	Sölugengi
Bandaríkjadalur	USD \$	135,33	136,32
Evra	EUR €	149,5	150,5
Japanský yen	JPY ¥	1,0151	1,0299
Sterlingspund	GBP £	168,59	169,83

Tafla 3: Fjarlægð milli staða

Vegalengdir eru í km og miðast við að ekið sé eftir hringveginum¹ (þjóðvegi nr. 1) og stystu leið út frá honum.

	Vík	Selfoss	Reykjavík	Ísafjörður	Egilsstaðir
Akranes	219	90	49	419	616
Akureyri	558	429	388	558	264
Blönduós	414	285	244	414	408
Borgarnes	244	115	74	382	578
Þingvellir	174	45	50	472	669

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1: Hæð nokkurra tinda og staðsetning

Tafla 2: Gengið 26. maí 2023

Tafla 3: Fjarlægð milli staða

¹ Hringvegurinn liggur um Hvalfjarðargöng. Leiðin fyrir Hvalfjörð er u.p.b. 42 km. Um 60 km lengra er þá á milli Reykjavíkur og Akraness.